

106/00 - M.b. Björn Kristjónsson SH-164

Björn Kristjónsson SH-164, skipverji slasast við löndun

M.b. Björn Kristjónsson SH-164

Skipaskr.nr.: 1985

Smíðaður: í Ytri Njarðvík 1989 úr stáli

Stærð: 17,41 brl; 23,00 bt

Lengd: 16,10 m **Breidd:** 3,94 m **Dýpt:** 1,90 m

Vél: Caterpillar 160,00 kW **Ágerð:** 1989

Annað:

Földi skipverja: 2



Björn Kristjónsson ©Alfons Finnsson

Atvikalýsing

Hinn 18. október 2000 var m.b. Björn Kristjónsson SH-164 við bryggju í Ólafsvíkurhöfn.

Veður: SV andvari.

Landað hafði verið úr bátnum og verið að taka um borð tóm kör. Tómu 300 lítra kari var slakað niður á úrgreiðsluborðið. Þegar búið var að taka krókana af lyfti skipstjórinn karinu með handaflí og hugðist koma því fyrir á ákveðnum stað á milli kara bakborðsmegin við lestarlúku. Þá vildi ekki betur til en svo að karið rakst í lunningu eða annað kar, sem var fyrir á þilfarinu, og við það kom bakslag á karið (fjaðraði til), sem hann var að færa, en við bakslagið varð hann með hendina á milli karsins og stálkants á úrgreiðsluborði svo að hann slasaðist. Hinn slasaði fór þegar í stað til læknis og fékk þar aðhlynningu.

Við rannsókn kom fram

- að brúnirnar á úrgreiðsluborðinu er úr 10 mm stálvinklum;
- að þyngd kars er um 25 kg.

Nefndarálit

Nefndin telur að slys þetta sýni hvað lítið má út af bera við störf til sjós svo að skaði verði.